

Skýrsla verkefnisstjóra um erlent samstarf skólaárið 2024-2025

Verkefnisstjóri um erlent samstarf gerir umsókn um Erasmus+ styrki, skrifar lokaskýrslu um ferðirnar, útbýr samninga og viðurkenningarskjöl og sér um undirbúning og skipulag á ferðum starfsmanna erlendis sem styrktar eru af Erasmus+. Í samstarfi við Sigurveigu Grímsdóttur fjármálastjóra eru keyptir flugmiðar, pöntuð hótélherbergi og leigubílar, starfmenn skráðir á Námskeið og námskeiðagjöld greidd. Ferðir eru skráðar inn í ferðakerfi Orra af verkefnastjóra um erlent samstarf og sendar til samþykktar til rektors og þaðan til fjármálastjóra. Verkefnisstjóri aðstoðar einnig við móttöku erlendra gesta. Allt erlenda samstarfið er unnið í samráði við rektor og konrektor.

Erasmus+ aðild (accreditation) MS 2021-2027.

MS er með aðild að Erasmus+ 2021-2027. Aðildin auðveldar bæði umsóknarferlið og skýrslugerð um erlenda samstarfið. Tíu markmið voru sett í MS til að vinna að í Erasmus+ verkefnum frá 2021-2027 og mikilvægt er að velja námsferðir í ljósi þeirra markmiða og tengja vel þarna á milli í umsóknum um Erasmus+ styrki, sjá markmiðin undir drög að stefnu MS í erlendu samstarfi aftast í skýrslunni.

Námsferðir skólaárið 2024-2025.

Námsferðir og verkefni á skólaárinu 2024-2025 voru sex og tóku 16 starfsmenn þátt og 13 nemendur. Samtals tóku 12 starfsmenn þátt í fjórum námsferðum styrktum af Erasmus+ sjá lista hér fyrir neðan. Þetta voru sex til sjö daga ferðir í starfsspeglun og námskeið í þremur löndum í Evrópu. Nordplus verkefni skólans Love for Water is in the Air lauk á skólaárinu og tóku 4 kennarar þátt í ferðum og 2 nemendahópar. Á haustönn fóru tveir kennarar með 7 nemendur til Litháen í 7 daga og 2 kennarar fóru með 6 nemendur til Finnlands.

Erlend verkefni 2024 – 2025

Erasmus+ verkefni: Starfsþróun til að efla faglega starfsþróun kennara

1. Artificial Intelligence for Education: Exploring the frontiers of ICT. Berlin, Germany. 27.01.2025-01.02.2025, 6 dagar
 - Trine Holm Houmøller, kennari í dönsku.
 - Brynja Gunnlaugsdóttir, kennari í líffræði og verkefnastjóri starfendarannsóknna.
2. Starfsspeglun, Kuusankoski Upper Secondary School, Kouvola, Finland 18.02.2025-23.02.2025, 6 dagar
 - Anna María Jónsdóttir, Deildarstjóri og sérkennari á starfsbraut.
 - Helga Björt Möller, sérkennari á starfsbraut.
 - Hjördís Jóhannsdóttir, þjónustufulltrúi á skrifstofu
 - Gunnlaugur Ísleifsson, umsjónamaður fasteigna

3. 4C's in Education with AI tools and Storytelling Techniques, Berlín Þýskaland 24.03.25-29.03.25, 6 dagar
 - Einar Indra Kristbargarson, kennari í raftónlist og fagstjóri listnámsbrautar.
 - Jóna Guðbjörg Torfadóttir, kennari í íslensku.
4. Formative Assessment, Puerto de la Cruz, Tenerife, Spánn 04.04.25-11.04.25, 6 dagar
 - Hjördís Alda Hreiðarsdóttir, kennslustjóri.
 - Karen Pálsdóttir, kennari í líffræði.
 - Kristbjörg Ágústsdóttir, kennari í umhverfisfræði.
 - Sigmar Þormar, kennari í viðskiptagreinum.

Erlend verkefni 2024 – 2025

Nordplus verkefni í umhverfisfræði 2023-2025 Love for Water is in the Air.

Nordplus verkefni í samstarfi við Finnland, Lettland og Litháen. Í október fóru 2 kennarar Elísabet og Trine með 7 nemendur til Litháen í 6 daga. Í febrúar fóru 2 kennarar G. Rósa og Þórunn með 6 nemendur til Finnlands. Nú er verkefninu lokið og skýrslu hefur verið skilað.

Kennarar:

- Katrín Magnúsdóttir, umhverfis- og efnafræðikennari
- Unnur Sigmarisdóttir, efnafræðikennari
- Elísabet Eggertsdóttir, hagfræði-og stærðfræðikennari
- Trine Holm Houmøller, dönskukennari
- Gunnvör Rósa Eyvindardóttir, félagsfræðikennari
- Þórunn Steindórsdóttir, félagsfræðikennari

Sótt var um annað Nordplus verkefni og tókum við á móti 2 kennurum frá Lettlandi og 1 kennara frá Finnlandi í desember til að vinna að umsóknarskrifum í 3 daga um verkefni um farsímanotkun nemenda og útikennslu. Þessi heimsókn var styrkt af Nordplus. Styrkurinn fékkst ekki.

Sótt var um Erasmus plus stórt samstarfsverkefni verkefni um Generic Learning Outcome og beðið er eftir svari um hvort umsókn hafi verið samþykkt.

World Education Summit.

MS tók þátt í alþjóðlegri ráðstefnu á netinu, World Education Summit í mars 2025 eins og árið áður 2023. Gunnvör Rósa Eyvindardóttir, verkefnastjóri um þróunar-og nýbreytnistarf sá um utanumhald.

Evrópskir kennarar í heimsókn

13 kennarar og 4 skólastjórnendur frá 5 löndum í Evrópu komu í heimsókn í MS 10. október 2024, skoðuðu skólann, fengu fræðsluerindi um skólastarfið í MS og fóru í heimsóknir í kennslustundir og fylgdust með starfinu í skólastofunum. Annar hópur 22 evrópskra kennara og skólastjórnenda kom í heimsókn 3. apríl 2025 og fengu sömu dagskrá.

Móttaka kennara í starfsspeglun skólaárið 2024-2025

Skólinn tók á móti 1 skólastjórnanda Jochen Bischoff frá skólanum Albertus-Magnus-Gymnasium, Ettlingen Þýskalandi í 19.-21. mars 2025. Heimsóknin var styrkt af Erasmus.

Franskir kennarar og skólastjórnendur í heimsókn

Skólinn tók á móti 15 kennurum og skólastjórnendum í heimsókn þann 24. mars. Þau fengu kynningu á skólanum, starfendarannsóknum og leiðsagnarnámi og heimsóttu kennslustundir. Heimsóknin var hluti af lengri heimsókn um íslenskt menntakerfi styrkt af Erasmus.

Móttaka nemendahóps í skólaheimsókn skólaárið 2024-2025

Skólinn tók á móti 23 nemendum og 2 kennurum frá Notre Dame d'Espérance High school in Saint-Nazaire í Frakklandi. Heimsóknin varði í 2 daga frá 31. mars- 1. apríl. Nemendur heimsóttu list og verkgreinar, íþróttir og tungumál.

Alls tók skólinn á móti 57 kennurum og skólastjórnendum og 23 nemendum á skólaárinu.

Framhaldið 2025-2026

Erasmus plus styrkur að upphæð 38.189 Evrur fyrir næsta skólaár. Styrkurinn er með inngildingarstyrk fyrir nemendaferð fyrir starfsbraut. Gert er ráð fyrir að fara með 10-12 nemendur af starfsbraut og 4 kennara/starfsmenn af starfsbraut með þeim hópi í 5-7 daga skólaheimsókn og námsferð til Finnlands. Gert er ráð fyrir 12-14 námskeiðisferðum á skólaárinu í 5-7 daga og 2 starfsspeglunir í 5-7 daga. Einnig væri gaman að bjóða erlendum fyrirlesara til landsins í 3-5 daga og höfum við verið í sambandi við námskeiðishaldara frá ELA sem héldu námskeiðið um leiðsagnarnám fyrir hóp kennara á Tenerife.

Verkefni skólaárið 2025-2026

- Nemendaferð 10-12 nemendur af starfsbraut, 4 kennarar í 5-7 daga til Finnlands.
- 12-14 námskeið í 5-7 daga hámark 2 á sama námskeið og hámarks styrkuppþæð fyrir öll námskeið 20.000 Evrur.
- 1-2 í starfsspeglun.
- 1 erlendum fyrirlesari

Drög að stefnu Menntaskólans við Sund í erlendu samstarfi

Stefna Menntaskólans við Sund er að taka þátt í fjölbreyttu erlendu samstarfi og samstarfsverkefnum.

Markmiðin með erlendu samstarfi eru að efla nám nemenda og starfsþróun starfsfólks og víkka sjóndeildarhring allra bæði nemenda og starfsfólks.

Tilgangurinn gagnvart nemendum er að auka náms hæfni, námskraft og tungumálahæfni þeirra. Tilgangurinn gagnvart starfsfólki er að auka hæfni starfsfólks til að vinna að breytingastarfi í skólanum og ná markmiðum skólans. Einnig er tilgangurinn að auka þverfaglegt samstarf og auka starfsánægju.

Áhersla er lögð á:

- Þátttöku í Erasmus+ verkefnum með aðild að Erasmus samningi frá 2021-2027.
- Þátttöku í norrænu samstarfi í gegnum Nordplus verkefni.
- Þátttöku í rafrænum ráðstefnum um skólastarf og eTwinning rafrænu skólasamstarfi.
- Að styðja við kennara sem vilja bjóða nemendum í erlendum tungumálum upp á námsferðir til landa þar sem tungumálið er talað.
- Móttöku erlendra sérfræðinga sem miðla þekkingu sinni og reynslu til starfsfólks og nemenda.
- Móttöku erlendra gesta sem vilja kynna sér skólastarfið í MS.
- Skýrar og lýðræðislegar verklagsreglur um umsóknarferli erlendra verkefna.
- Að gildi MS, virðing, jafnrétti, ábyrgð og heiðarleiki séu höfð í fyrirrúmi í erlendu samstarfi.

Umsjón:

- Verkefnisstjóri um erlent samstarf sér um erlendu samstarfsverkefnin í samstarfi við stjórnendur skólans.
- Fjármálastjóri sér um fjármál erlendra verkefna í samstarfi við verkefnisstjóra um erlent samstarf og rektor.

Umsóknarferli umsækjenda:

- Auglýst er eftir þátttakendum í allar ferðir að hausti eða að vori.
- Mikilvægt er að gæta fjölbreytni við vali á þátttakendum.
- Kynjahlutföll ættu að vera í samræmi við kynjahlutföll skólans.
- Þeir sem hafa ekki farið í ferðir á vegum Erasmus áður njóta forgangs.
- Í starfsspeglun er tungumálakunnátta á heimsóknarstað æskileg.

Markmið MS með aðildarsamningi Erasmus+ 2021-2027 er að efla hæfni starfsfólks MS til að:

1. Innleiða fjölbreyttar námsmatsaðferðir með áherslu á leiðsagnarnám og mat á hæfni nemenda.
2. Skapa menningu sem stuðlar að því að byggja upp námskraft nemenda með áherslu á virkni og sjálfræði nemenda á námi sínu.
3. Innleiða verkefnabundið nám með áherslu á samvinnunám og skapandi nám nemenda.
4. Nýta upplýsingatækni með áherslu á nýtingu fjölbreyttra forrita í fjarkennslu.
5. Búa til rafrænt námsefni og rafræn verkefni fyrir nemendur.
6. Fá nemendur til að aðlaga lífsstíl sinn grænum eða sjálfbærum lífsstíl og efla umhverfisvernd í MS.
7. Finna og innleiða leiðir til að halda brotthvarfi nemenda áfram lágu.

8. Temja sér virka hlustun og finna leiðir til að stuðla að jákvæðum samskiptum nemenda innan og utan kennslustofunnar.
9. Vinna starfendarannsóknir og auka möguleika starfsfólks á að skapa tengsl í Evrópu við starfsfólk skóla sem stunda starfendarannsóknir.
10. Finna leiðir til að byggja upp jákvæðan skólabrag t.d. búa til nýtt umsjónarkerfi og bæta móttöku nýnema í nýju þriggja anna kerfi.